

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018, vegur yfir Hornafjarðarfljót, efnistökusvæði og niðurfelling flugbrautar, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 25. júní 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018 frá 23. janúar 2001.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Lega hringvegar nr. 1 milli Hólms á Mýrum og Skarðshóla í Nesjum breytist svo og tenging við hann.
2. Vegna vegagerðar eru skilgreind ný efnistökusvæði og jafnframt breytast núverandi efnistökusvæði í samræmi við eftirfarandi:
 - a. Jökulsáreyrar Hólmsár, efnistökusvæði á gildandi aðalskipulagi, en mörk þess víkkuð lítillega. Mikið efnismagn er á eyrum og í farvegi Hólmsár og hefur verið tekið efni þar á nokkrum stöðum. Efnið verður grófara eftir því sem ofar dregur í farveginum en val á efnistökustað mun ráðast af stærð og gæðum efnisins. Umfang efnistökusvæðisins er um 130.000m^2 , og þar er áætlað að taka 50.000m^3 af efni.
 - b. Jökulsáreyrar Djúpár. Þar hefur verið tekið efni á nokkrum stöðum. Mölin í Áreyrunum verður grófari eftir því sem ofar dregur en val á efnistökustað mun ráðast af stærð og gæðum efnisins. Hluti Djúpár er efnistökusvæði á gildandi aðalskipulagi, en með breytingartillögum verður það víkkað verulega. Umfang efnistökusvæðisins er um 550.000m^2 og þar er áætlað að taka 200.000m^3 af efni.
 - c. Árkeila Grjótár ofan og neðan brúar. Nýtt efnistökusvæði sem var ekki á gildandi aðalskipulagi. Í keilunni er frágengin náma en Landgræðslan notaði efni þaðan í garðana meðfram Hornafjarðarfljótum í kringum 1980. Umfang efnistökusvæðisins er um 54.000m^2 , og þar er áætlað að taka 60.000m^3 af efni.
 - d. Jökulsáreyrar Austurfljóts, efnistökusvæði á gildandi aðalskipulagi. Þar er opin náma sem Vegagerðin hefur unnið efni úr. Umfang efnistökusvæðisins er um 130.000m^2 , og þar er áætlað að taka 35.000m^3 af efni.
 - e. Aurar Hornafjarðarfljóta, nýtt efnistökusvæði sem var ekki á gildandi aðalskipulagi, milli núverandi brúar og fyrirhugaðrar brúar, þar sem búast má við að hentugt verði að vinna fínkorna efni. Umfang efnistökusvæðisins er um $6.800.000\text{m}^2$, og þar er áætlað að taka 450.000m^3 af efni.
 - f. Skógey - klapparholt, nýtt efnistökusvæði sem var ekki á gildandi aðalskipulagi. Að mestu ógróið klapparholt til vinnslu á fremur grófu efni. Umfang efnistökusvæðisins er um 110.000m^2 , og þar er áætlað að taka 190.000m^3 af efni.
 - g. Friðsæld - skriða og aurkeila, efnistökusvæði á gildandi aðalskipulagi. Umfang efnistökusvæðisins er um 130.000m^2 , og þar er áætlað að taka 250.000m^3 af efni.
 - h. Áreyrar Fjarðarár í Lóni, ofan brúar á hringvegi, nýtt efnistökusvæði sem var ekki á gildandi aðalskipulagi. Parna var áður tekið efni í burðarlag fyrir jarðgangaframkvæmdir undir Almannaskarð. Á gildandi aðalskipulagi er efnistökusvæði á aurum Fjarðarár neðan brúar. Umfang efnistökusvæðisins er um 320.000m^2 , og þar er áætlað að taka 35.000m^3 af efni.
 - i. Árkeila í mynni Slaufrudals í Lóni, nýtt efnistökusvæði sem er ekki á gildandi aðalskipulagi. Nokkuð gróft efni er í árkeilunni og í Slaufrudal hefur verið tekið efni, m.a. í tengslum við jarðgangaframkvæmdir undir Almannaskarð. Umfang efnistökusvæðisins er um 15.000m^2 , og þar er áætlað að taka 5.000m^3 af efni.
 - j. Þurrar áreyrar Hólmsár ofan við Einholtsvötn á Mýrum, nýtt efnistökusvæði sem var ekki á gildandi aðalskipulagi. Svæðið er við væntanlegar veglínur og hefur ekki verið tekið efni á þessum stað áður. Umfang efnistökusvæðisins er um 100.000m^2 , og þar er áætlað að taka 230.000m^3 af efni.

Nr. 602

25. júní 2009

- k. Auk þessara svæða sem tilgreind eru í umhverfismatsskýrslu vegna vegar um Hornarfjarðarfljót, er gert ráð fyrir að gamalt efnistökusvæði í Almannaskarði verði aftur opnað til efnistöku en svæðið var ekki á gildandi aðalskipulagi. Umfang efnistökusvæðisins er um 35.000m², og þar er áætlað að taka 40.000m³ af efni.
3. Þverbraut við Hornafjarðarflugvöll fellur brott.
4. Gert er ráð fyrir nýjum varnargörðum.
- Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 25. júní 2009.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2009